

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð
Varðandi: SORPA bs.

Nr. erindis 201606001/21.2
Dags.: 20.06.2016
Málefni: Umsögn um erindi SORPU bs.
Afrit: Engin

Í erindi frá SORPU kemur fram að endurgera þurfi áætlun yfirstandandi árs fyrir endurvinnslustöðvar vegna aukins rekstrarkostnaðar. Aukinn rekstrarkostnaður vegna magnaukningar mun hins vegar hafa áhrif víðar s.s. í flokkunarstöðvum og sormagni sem móttakið er í Álfsnesi. Rétt er einnig að geta þess að uppgjör síðasta árs var talsvert um fram áætlanir. Meginástæður þessarar þróunar eru nokkrar:

- Magnaukning á endurvinnslustöðvum er bæði vegna aukins sormagns frá einstaklingum og fyrirtækjum, en móttakið magn virðist haldast mjög vel í hendur við efnahagslegar aðstæður í þjóðfélaginu.
- Lagaumhverfið og Endurvinnslusjóður styður ekki nægilega við kostnaðarþátttöku vegna endurvinnslu raftækja og búnaðar sem íbúar eru í auknum mæli að losa sig við með auknum kaupmætti, m.ö.o. hefur kostnaður við umsýslu því ekki verið borinn af ríkinu.
- Ný og aukin þjónusta við grenndarstöðvar og fjölgun þeirra veldur auknum kostnaði en styður á móti við sorphlokkun sem til langframa mun minnka sormagn frá heimilum.
- Auknar framkvæmdir SORPU bs. við endurvinnslustöðvar og undirbúning jarð- og gasgerðarstöðvar eru kostnaðarsamar.

Af hálfu SORPU verður ekki farið í að hækka gjöld af einstökum flokkum til þess að mæta kostnaðarauka vegna aukins magns sem berst inn á Endurvinnslustöðvar, flokkunarstöðvar og í Álfsnes. Talið er af hálfu fyrirtækisins að gjöld þurfi að vera hófsöm að öðrum kosti verði sorpi fargað á ólögmætan hátt með tilheyrandi umhverfissóðaskap og kostnaði fyrir sveitarfélögin og/eða landeigendur sem þurfa að hreinsa upp eftir á. Ef gert er ráð fyrir óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi og magnaukningu um 25% mun framlag Mosfellsbæjar til SORPU bs. mögulega þurfa að hækka um 11 m.kr. á árinu 2016.

Mikilvægt er að stöðugt samtal sé á milli sveitarfélaganna og SORPU bs. á meðan að breytingar og kostnaðarsveiflur sem þessar eru fyrirsjáanlegar. Stjórn sorpsamlagsins og starfsmenn SORPU bs. þurfa þannig að upplýsa jafnt og þétt um stöðu og þróun mála þannig að unnt sé að taka ákvarðanir tímanlega og bregðast við. Bæta má þetta samtal verulega frá því sem nú er.

Ákvarðanir um breyttar áherslur í rekstri með tilliti til hagræðingar þurfa hins vegar að eiga sér stað í eigendahópi sorpsamlagsins.

Til upplýsinga fyrir bæjarráð þá er í undirbúningi að endurnýja útlit grenndarstöðva í samræmi við nýtt útboð og fyrirkomulag stöðvanna sem nú bjóða upp á nýja flokkunarmöguleika. Auk þess er gert ráð fyrir að bæta við stöðvum á næstu tveimur árum, m.a við Bogatanga og Helgafellsveg. Núverandi stöðvar verði þannig merktar, nýir flokkunarmöguleikar kynntir betur á heimasíðu og í Mosfellingi nk. haust. Er þetta liður í að auka flokkun íbúa, minnka sormagn sem er urðað og skapa verðmæti og minnka kostnað.

Virðingarfyllst,
Jóhanna Björg Hansen
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs